



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skútustaðahreppur
Guðrún María Valgeirsdóttir,
sveitarstjóri
Hlíðavegi 6
660

☒ Suðurlandsbraut 24
15-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 30. maí 2007
Tilvísun: UST20070500039/tb

Efni: Álit vegna hugmynda um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015

Vísað er í bréf Skútustaðahrepps, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir áliti Umhverfisstofnunar á hugmyndum um að koma fyrir smáhýsum í landi Geiteyjarstrandar I á svæði sem er rétt austan núverandi íbúðarhúss inn á 1,6 ha svæði sem í fyrirliggjandi hugmyndum er ætlað til ferðapjónustu. Um er að ræða 8-10 smáhýsi en ekki kemur fram í erindinu stærð smáhýsanna en samkvæmt samtali við sveitarstjóra Skútustaðahrepps eru þau á bilinu 10-20 m². Einnig er óskað eftir áliti á stækkun orkuvinnslusvæðis við Kröflu.

Geiteyjarströnd:

Í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 er á bls.13 fjallað um megin forsendur skipulagsins. Þar kemur m.a. fram að í náttúruvernd ber að *varðveita og vernda lífkeðju og náttúrufjar Mývatns og umhverfis þess og halda í lágmarki áhrifum á náttúruna*. Einnig kemur fram í sambandi við atvinnumál að forsendur skipulagsins sé að *auka þjónustu við ferðamenn í sátt við aðra atvinnustarfsemi og bæta aðstöðu á ferðamannastöðum*.

Í aðalskipulaginu í kafla 10.2 bls. 61 er fjallað um svæði fyrir ferðapjónustu almennt og í kafla10.2.3.á bls. 62 er fjallað um orlofs- og sumarbústaðasvæði. Í þessum köflum kemur fram að þörf mun aukast fyrir framangreind svæði en að jafnframt þurfi að nást sátt um hvernig verður staðið að uppbyggingunni. T.d. stendur á bls. 62 um sumarbústaðasvæði. *Æskilegt er að áhugasamir landeigendur sameinuðust um fáar rekstraeiningar. Staðsetningu slíkra sumarbústaðasvæða þarf að velja af gaumgæfni, einkum út frá forsendum náttúruverndar og gera verður miklar kröfur til frágangs svæða, frárennslis- og sorpmála svo og umgengni gesta. Jafnframt segir: Varðandi staðsetningu bæði tjaldsvæða og sumarbústaðasvæða þarf frá upphafi að vera alveg ljóst að eitt getur engan veginn yfir alla gengið. Val svæða er mjög háð aðstæðum á jörðum og þar veða þyngst sjónarmið náttúruverndar eins og fram hefur komið.*

Ítrekað kemur fram í skipulaginu að halda beri svæðinu vatnsmegin við þjóðveginn eins líkast því sem er í dag þó með möguleika á ákveðinni uppbyggingu. Það er ljóst að mikil uppbygging sem ekki tekur mið af náttúruvernd almennt mun á endanum raska varanlega sérstöðu Mývatns og því mikilvægt að hugsa til framtíðar og vanda vel til verka.

Í tillögum Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, vegna breytinga á lögum um vernd

Mývatns og Laxár, er Geiteyjarströnd innan þess svæðis þar sem lagt er til verndarsvæði sem tekur til Hverfjalls, Dimmuborga, Lúdents, Lúdents- og Þrengslaborga og Laxárhrauns.


Umhverfisstofnun telur að sú hugmynd að reisa nokkur smáhýsi í landi Geiteyjarstrandar I geti vel gengið svo vel fari. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að ekki liggur fyrir deiliskipulag og því hefur ekki farið fram endanleg úttekt á hvornig er besta að staðsetja húsin í landinu og endanleg stærð þeirra liggur ekki fyrir. Umhverfisstofnun áskilur sér því allan rétt til að koma frekar að málinu og tekur undir sjónarmið sveitarstjórnar Skútustaðahrepps að fjalla þurfi sérstaklega um aðra frístundahúsabygð.


Orkuvinnslusvæði við Kröflu:

Breytingar á fyrirhuguðu iðnaðar-/orkuvinnslusvæði er töluvert í andstöðu við fyrri skipulag /samkomulag um nýtingu og verndun jarðfræðiminja á þessu svæði í Skútustaðahreppi. Til dæmis var horfið frá að umlykja Víti með iðnaðarsvæði / orkuvinnslusvæði. Nú er hins vegar bæði verið að stækka svæðið verulega frá fyrri tillögum og færa iðnaðarsvæðið nánast ofan í Leirhnjúk. Umhverfisstofnun leggst gegn þessum breytingum og telur að þær muni spilla landslagi og jarðfræðiminjum við Leirhnjúk og Víti og ekki vera í samræmi við aðra nýtingu sem þar er svo sem ferðaþjónustu og náttúruvernd. Að mörgu leyti sýna þessar fyrirhuguðu breytingar vel hver hættan er við að raska svæðum sífellt meir án þess að skoða allar hliðar málsins. Í þeim gögnum sem Umhverfisstofnun hefur undir höndum er engin skýring gefin á því hvers vegna þarf að stækka orkuvinnslusvæðið / iðnaðarsvæðið. Svæðið er hluti af tillögum Umhverfisstofnunar frá 23. september 2004 um verndarsvæði í Skútustaðahreppi sem voru gerðar í kjölfar lagabreytinga árið 2004.

Það er mat Umhverfisstofnunar að vel megi stækka svæðið við Sandabotna og Grænutjörn. Hvorki er gefin skýring á stækkun á svæðinu við Sandabotna eða stækkun á vestasta svæðinu til austurs. Skipulagið eins og það er í dag hefur að geyma mjög stórt svæði sem er merkt sem iðnaðarsvæði /orkuvinnslusvæði. Eins og áður segir kemur ekki fram hvers vegna er verið að stækka svæðið, t.d. hvort það er verið að stækka það vegna tilraunaborana eða annars. Ekki er fjallað um mögulegar skáboranir. Fyrirhugaðar stækkanir á iðnaðar-/orkuvinnslusvæðinu vekja óneitanlega upp þá spurningu hvort haldið verði áfram að stækka svæðið ef væntanlegar holur gefa ekki góða raun með tilheyrandi vegum og borplönnum.

Virðingarfyllt


Trausti Baldursson


Guðrún Þorvarðardóttir

Afrit: Skipulagsstofnun